

# **Droplaugarsona saga**

# Droplaugarsona saga

## 1. kafli

Ketill hét maður er kallaður var þrymur. Hann bjó í Skriðudal á Húsastöðum. Atli hét maður er var bróðir Ketils. Hann var kallaður Atli grautur. Þeir áttu bú báðir saman og voru fémenn miklir, fóru jafnan til annarra landa með kaupeyri og gerðust stórríkir. Þeir voru Þiðrandasynir.

Eitt vor bjó Ketill skip sitt í Reyðarfirði því að það stóð þar uppi og síðan sigldu þeir í haf. Þeir voru úti lengi og tóku Konungahellu um haustið og settu þar upp skip sitt. En síðan keypti hann sér hesta og reið austur í Jamtaland við tólfta mann til þess manns er Véþormur hét. Hann var höfðingi mikill en vinátta góð var með þeim Katli. Véþormur var Rögnvaldsson Ketilssonar raums. Véþormur átti þrjá bræður. Hét einn Grímur, annar Guttormur, þriðji Ormar. Þeir allir bræður voru hermenn miklir og voru á vetrum með Véþormi en á sumrum í hernaði. Ketill var þar um veturinn með sína menn.

Þar voru með Véþormi tvær konur ókunnar. Önnur vann allt það er hún orkaði en önnur sat að saumum og var sú eldri. Hin yngri konan vann allt vel en illa var þegið að henni. Hún grét oft. Þetta hugleiddi Ketill.

Það var einn dag er Ketill hafði þar litla stund verið að þessi kona gekk til ár með klæði og þó, og síðan þó hún höfuð sitt og var hárið mikið og fagurt og fór vel.

Ketill vissi hvar hún var og gekk þangað og mælti til hennar: "Hvað kvenna ertu?" sagði hann.

"Arneiður heiti eg," segir hún.

Ketill mælti: "Hvert er kyn þitt?"

Hún segir: "Eg ætla þig það engu skipta."

Hann gróf að vandlega og bað hana segja sér.

Hún mælti þá með gráti: "Ásbjörn hét faðir minn og var kallaður skerjablesi. Hann réð fyrir Suðureyjum og var jarl yfir eyjunum eftir fall Tryggva. Síðan herjaði Véþormur þangað með öllum bræðrum sínum og átján skipum. Þeir komu um nótt til bæjar föður míns og brenndu hann inni og allt karlafólk en konur gengu út og síðan fluttu þeir okkur móður mína hingað, er Sigríður heitir, en seldu aðrar konur allar mansali. Er Guttormur nú formaður eyjanna."

Þau skilja nú. En annan dag eftir mælti Ketill við Véþorm: "Viltu selja mér Arneiði?"

Véþormur segir: "Þú skalt fá hana fyrir hálf hundrað silfurs sakir okkarrar vináttu."

Þá bauð Ketill fé fyrir kost hennar "því að hún skal ekki vinna." En Véþormur lést mundu veita henni kost sem öðru föruneysi hans.

Á því sumri komu heim bræður Véþorms, Grímur og Ormar. Þeir höfðu herjað á Svíþjóð um sumarið. Sitt knarrarskip átti hvor þeirra og voru hlaðin með fjárhlut. Voru þeir með Véþormi um veturinn en um vorið bjuggu þeir bræður skip sín til Íslands og ætluðu þeir Ketill að halda samflota.

Og er þeir lágu fyrir Víkinni það Arneiður Ketil að ganga á land upp að lesa sér aldin og önnur kona með henni er þar var á skipinu. Hann lofaði henni og það hana skammt fara. Nú gengu þær á land og komu undir bakka einn. Þá gerði á regn mikið.

Arneiður mælti: "Gakk til skips og seg Katli að hann komi til mín því að mér er krankt."

Hún gerði svo og gekk Ketill einn saman til Arneiðar.

Hún heilsar honum og mælti: "Kol hefi eg hér fundið."

Þau grófu þar sandinn og fundu kistil einn fullan af silfri og fóru síðan til skips. Þá bauð Ketill henni að flytja hana til frænda sinna með þessu fé en hún kaus að fylgja honum.

Síðan létu þeir í haf og skildi með þeim. Kom Ketill skipi sínu í Reyðarfjörð og setti upp en fór síðan heim til bús síns á Húsastaði. En hálfum mánuði síðar kom Ormar skipi sínu í Reyðarfjörð og bauð Ketill honum heim en skip hans var upp sett.

Á því sumri kom Grímur skipi sínu á Eyrar í þá höfn er Knarrarsund heitir og var um veturinn með þeim manni er Þorkell hét. En um vorið eftir nam Grímur sér land það er þaðan af var kallað Grímsnes og bjó að Búrfelli alla ævi sína.

## 2. kafli

Nú er þar til að taka er Ketill þrymur kaupir sér land fyrir vestan vatn það er Lagarfljót heitir, sá bær heitir á Arneiðarstöðum, og bjó þar síðan. Á vorþingi kaupir Ketill land fyrir Ormar. Hét það á Ormarsstöðum. Það var nokkuru utar með vatninu og bjó Ormar þar til elli. Því næst kaupir Ketill goðorð og gaf silfur fyrir. En áður höfðu þeir Graut-Atli bróðir hans skipt með sér fé sínu. Atli kaupir land fyrir austan fljótið upp frá Hallormsstöðum, er nú heitir í Atlavík, og bjó þar til elli. En nú eru þar sauðhúsatóftir.

Eftir þetta gerir Ketill brullaup til Arneiðar því að hún var hinn mesti kvenskörungur. Þau áttu son er Þiðrandi hét. Hann var mikill maður og vænn. Ketill varð maður skammlífur og tók Þiðrandi fjárhlut og goðorð eftir föður sinn.

Hávar hét maður. Hann var Bessason er kallaður var Spak-Bessi. Hann bjó í Vallanesi. Hann átti konu og tvö börn. Bessi hét son hans en Yngveldur dóttir. Sá þótti þar kvenkostur bestur. Hennar bað Þiðrandi og var hún honum gefin.

Egill hét maður. Hann hafði numið Norðurfjörð allan og byggði þar er kallað er á Nesi. Hann var kallaður hinn rauði Egill og var Guttormsson. Hann var kvæntur maður og átti eina dóttur er Ingibjörg hét. Bessi Hávarsson bað hennar og var hún honum gefin. Henni fylgdi heiman Nesland.

Þau Þiðrandi og Yngveldur áttu mart barna. Ketill hét son þeirra, annar Þorvaldur. Jóreiður hét dóttir þeirra er gefin var Síðu-Halli. Önnur dóttir þeirra hét Hallkatla. Hana átti Geitir Lýtingsson er bjó í Krossavík í Vopnafirði. Gróa hét hin þriðja er bjó út í héraði að Eyvindará. Bárður hét son hennar.

Þá er þeir voru fulltíða, Ketill og Þorvaldur, tók Þiðrandi faðir þeirra sótt og andaðist. Þeir tóku fé eftir föður sinn og máttu engva stund saman eiga. Þorvaldur var mikill maður og sterkur, fálátur og fastnæmur og ríkur í héraði heima. Ketill var glaður maður og málamaður mikill. Þeir skiptu fé með sér og hafði Þorvaldur Arneiðarstaði en Ketill hafði goðorð og bjó í Njarðvík og var mikill höfðingi.

Þorgrímur hét maður er bjó að Giljum í Jökulsdal norður. Hann átti sér konu og eina dóttur er Droplaug hét. Hún var væn kona og kunní sér allt vel. Þorvaldur bað Droplaugar og tókust þau ráð og áttu þau tvo sonu. Hét Helgi hinn eldri en Grímur hinn yngri. Þeirra var vetrar munur. Þorvaldur varð eigi gamall maður og andaðist en Droplaug bjó þar eftir og synir hennar.

Helgi var mikill maður vexti og vænn og sterkur, gleðimaður og hávaðasamur. Hann vildi ekki um búnað hugsa. Vígur var hann manna best. Grímur var mikill maður vexti og afrendur að afli, hljóðlátur og stilltur vel. Hann var búmaður mikill. Þeir bræður vöndu sig alls kyns íþróttum og þóttu þeir þar fyrir öllum ungum mönnum í allri atferð sinni svo að þeirra jafningjar fengust eigi.

### 3. kafli

Bessi hét maður er bjó á Bessastöðum. Hann var Össurarson. Hólmsteinn hét son Bessa. Hann bjó á Víðivöllum hinum syðrum. Hann átti Áslaugu Þórisdóttur, systur Hrafnkels goða.

Hallsteinn hét maður er bjó á Víðivöllum hinum nyrðrum og var kallaður hinn breiðdælski. Hann var bæði auðigur og vinsæll. Þorgerður hét kona hans. Þau áttu þrjá sonu, Þóroddur og Þorkell og Eindriði.

Þorgeir hét maður er bjó á Hrafnkelsstöðum.

Helgi Ásbjarnarson bjó á Oddsstöðum upp frá Hafursá. Hann var goðorðsmaður. Hann átti Droplaugu Spak-Bessadóttur. Þau áttu mart barna.

Hrafnkell hét maður. Hann var bróðurson Helga Ásbjarnarsonar. Hann bjó að Hafursá. Hann var ungur. Þeir Helgi Ásbjarnarson áttu goðorð báðir saman og fór Helgi með goðorðið.

Þá bjó sá maður er Án hét og var kallaður trúður á Gunnlaugarstöðum ofan frá Mjóvanesi.

Össur hét maður er bjó undir Ási fyrir vestan vatnið. Hann var mágur Helga Ásbjarnarsonar. Hjarrandi hét maður er bjó að Öngulsá fyrir austan vatn á Völlum út. Hann átti dóttur Helga Ásbjarnarsonar er Þorkatla hét. Það er sagt að Össur er vitur maður og mjög hafður við mál manna. Björn hét maður er bjó á Mýrum fyrir vestan Geitdalsá. Hann var kallaður Björn hinn hvíti. Hann átti dóttur Helga Ásbjarnarsonar.

Það var síður í þann tíma að færa konum þeim kost er á sæng hvíldu. Og svo bar til að Droplaug fór að finna Ingibjörgu móður sína á Bessastaði og fóru með henni tveir þrælur. Þau fóru með tvo uxa og þar á sleða. Droplaug var eina nótt uppi þar því að mannboð skyldi vera á Ormarsstöðum einni nótt síðar en það var litlu fyrir vorþing. Þá fóru þau heim og óku eftir ísi. Og er þau komu út um Hallormsstaði þá fóru þrælarnir í sleðann því að uxarnir kunnu þá heim. En er þau komu á víkina fyrir sunnan Oddsstaði þá gengu uxarnir báðir niður í eina vök og drukknuðu þau þar öll og heitir þar síðan Þrælavík. Sauðamaður Helga sagði honum einum saman tíðindin en hann bað hann engum segja. Síðan fór Helgi til vorþings. Þar seldi hann Oddsstaði og keypti Mjóvanes. Fór hann þangað byggðum og þótti honum sér þá skjótara fyrnast líflát Droplaugar. Nokkuru síðar bað Helgi Ásbjarnarson Þórdísar toddu, dóttur Brodd-Helga, og var hún honum gefin.

Þórir hét maður er bjó í Mýnesi út fyrir austan vatn. Hann var kvæntur maður og manna vitrastur. Sá maður var á vist með honum er Þorgrímur hét og var kallaður tordýfill.

Þorfinnur hét maður. Hann vann til fjár sér á sumrum en á vetrum var hann vistlaus og fór þá með kaupvarning sinn. Um haustið var hann á gistingu hjá Þóri í Mýnesi og sat hann við eld hjá húskörlum Þóris. Þeir tóku tal mikið um það hverjar konur væru fremstar þar í héraði. Það kom saman með þeim að Droplaug á Arneiðarstöðum væri fyrir flestum konum.

Þá segir Þorgrímur: "Svo mundi þá ef hún hefði bónda sinn einhlítan gert."

Þeir segja: "Aldrei höfum vér tvímæli heyrt á því." Og í þessu kemur að þeim Þórir bóndi og bað þá þegja þegar í stað.

Líður af nóttin og fer Þorfinnur brott og kom á Arneiðarstaði og sagði Droplaugu allt tal þeirra húskarla Þóris. Hún gaf sér ekki fyrst að utan hún var hljóð. Einn morgun spurði Helgi móður sína hvað henni væri. Hún segir þeim bræðrum illmælið, það er Þorgrímur tordýfill hafði við hana talað "og munuð þið hvorki þessar skammar hefna né annarrar þótt við mig sé ger."

Þeir létu sem þeir heyrðu eigi það er hún talaði. Þá var Helgi þrettán vetra en Grímur tólf vetra.

Litlu síðar bjuggust þeir heiman og sögðust fara skyldu á kynnisleit til Eyvindarár til Gró. Þeir gengu að ísi og voru þar eina nótt. En um morguninn stóðu þeir snemma upp.

Gróa spyr hvað þeir skyldu þá.

Þeir segja: "Rjúpur skulum vér veiða."

Þeir fóru í Mýnes og fundu þar konu eina og spurðu að bónda. En hún kvað þá farið hafa út á sanda átta saman.

"Hvað gera húskarlar?" kvað Helgi.

Hún segir: "Þorgrímur tordýfill og Ásmundur fóru að heyi út í ey."

Síðan gengu þeir út úr garði og undir ás þann er Járnsíðulækur fellur með og fóru utan í eyrna að þeim. Ásmundur var á hlassinu og sá ferð þeirra bræðra og kenndi þá. Þeir tóku hestinn frá sleðanum og ætlaði Þorgrímur að ríða heim. Og í því er hann vildi á bak hlaupa skaut Helgi spjóti á honum miðjum og féll Þorgrímur þegar dauður niður. Ásmundur fór heim með eykinn og var hræddur.

Þeir fóru og komu aftur til Eyvindarár. Gróa spyr hvað þeir veiddu.

Helgi segir: "Við höfum veitt tordýfil einn."

"Þótt ykkur," segir hún, "þyki lítils vert víg þetta þá er Þórir mikils verður og skuluð þið nú fara heim á Arneiðarstaði."

Og svo gerðu þeir og höfðu þar fjölmenni mikið.

## 4. kafli

Þórir kom heim um aftaninn og frétti tíðindi þessi og kvað ekki til sín taka þenna atburð því að Þorgrímur var lausingi Helga Ásbjarnarsonar. Síðan fór Þórir til Helga Ásbjarnarsonar og sagði honum vígið "kalla eg að þú eigir eftir að tala."

Helgi segir það satt vera. Eftir það fór Þórir heim.

Einn tíma talaði Droplaug við sonu sína: "Eg vil senda ykkur til Vopnafjarðar í Krossavík til Geitis."

Þeir fóru heiman og vestur á heiði. Og er þeir höfðu af fjórðung laust á fyrir þeim hríð mikilli og vissu eigi hvar þeir fóru fyrr en þeir komu undir húsvegg einn og gengu um sólarinnis. Þá fundu þeir dyr og kenndi Helgi að það var blóthús Spak-Bessa. Sneru þeir brott þaðan og komu heim er þriðjungur var

eftir nætur á Arneiðarstaði. En hriðin hélst hálfan mánuð og þótti mönnum það langt mjög. En Spak-Bessi sagði það valda svo langri hrið er þeir Droplaugarsynir höfðu gengið sólarinnis um goðahús hans og það annað að þeir höfðu eigi lýst vígi Tordýfils að lögum og hefðu goðin þessu reiðst. Síðan fór Bessi til fundar við þá bræður og lýstu þeir þá víginu og fóru síðan norður í Krossavík til Geitis.

Um vorið eftir fóru þeir Þorkell Geitisson og Grímur og Helgi til Fljótisdals til Krakalækjarvorpings. Þar hittust þeir Helgi Ásbjarnarson og sættust á víg Þorgríms og lauk Þorkell fé fyrir. En Helga Droplaugarsyni líkaði illa er fé kom fyrir víg Tordýfils og þótti óhefnt illmælisins.

Þeir bræður voru í Krossavík og nam Helgi lög af Þorkatli. Helgi fór mjög með saksóknir og tók mjög sakir á þingmenn Helga Ásbjarnarsonar. Jafnan voru þeir bræður með móður sinni.

Eindriði Hallsteinsson hafði farið utan og var leiddur upp á Írlandi og hafður þar í höftum. Það spurðu bræður hans, Þorkell og Þóroddur, og fóru utan og leystu hann út og fóru síðan til Íslands. Kona Hallsteins var þá önduð og bað hann Droplaugar og fékk hennar en Helgi kallaði það ekki sitt ráð. Síðan fór hún á Víðivöllu til bús með Hallsteini.

Þeir bræður, Helgi og Grímur, fóru út í Tungu við tólfta mann til bónda þess er Ingjaldur heitir og var Niðgestsson. Hann átti dóttur er Helga hét. Hennar bað Grímur og hún var honum gefin. Síðan seldi Ingjaldur land sitt en keypti hálfu Arneiðarstaði og bjuggu þeir Grímur mágur báðir saman en Helgi Droplaugarson var ýmist í Krossavík eða með þeim Grími.

Hrafnkell kallaði til goðorðs við Helga Ásbjarnarson frænda sinn og náði eigi. Þá fór Hrafnkell til Hólmsteins á Víðivöllu og bað hann liðs.

Hólmsteinn segir: "Eigi mun eg vera í móti Helga Ásbjarnarsyni því að hann hefir átta systur mína. En það ræð eg þér að þú bið Helga Droplaugarson duga þér en eg mun fá til þingmenn mína að veita þér."

Síðan fór Hrafnkell að finna Helga Droplaugarson og bað hann liðs.

Helgi segir: "Mér þykir Hólmsteinn eiga að virða það meira við þig að hann á systur þína en það er liðið er."

Hrafnkell biður nú Helga hjálpa sér. Helgi mælti þá: "Það ræð eg þér að þú far á viku fresti út á Gunnlaugarstaði og hitt Án trúð og lofa hann mjög" - en vinátta þeirra Helga Ásbjarnarsonar var góð því að Án gaf honum marga góða gripi - "þess skaltu spyrja Án hversu miklar virðingar hann þykest hafa af Helga og lofa hann í hverju orði. En ef hann lætur vel yfir þá spyr þú hann ef hann hafi nokkuru sinni í dóm verið nefndur fyrir goðorð Helga Ásbjarnarsonar. En ef hann segist því eigi náð hafa þá segðu honum að honum væri betra að gefa Helga Ásbjarnarsyni stóðhest sinn til þess að hann næði þeirri virðing að vera í dóminum."

Eftir það skilja þeir. Og stundu síðar finnur Hrafnkell Án og talar við hann það er Helgi hafði honum fyrir sagt en Án sagðist freista skyldu. Síðan reið Hrafnkell heim.

Um vorið fóru menn til vorpings. Þá nefndi Helgi Ásbjarnarson Án trúð í dóm og skyldi því þó leyna því að Án hafði gefið Helga Ásbjarnarsyni stóðhross sjö saman.

En er Án var í dóm settur lét Helgi Ásbjarnarson koma þófahatt á höfuð honum til dular og bað Helgi hann fátt tala. Því næst gekk Hrafnkell að dómum og þeir Droplaugarsynir og mart manna með þeim. Þá gekk Helgi Droplaugarson að dóminum og þar að sem Án trúður sat. Helgi sló sverðshjöltunum undir þófahattinn og laust brott af honum og spurði hver þar sæti. Án sagði til sín.

Helgi mælti: "Hver nefndi þig í dóm fyrir goðorð sitt?"

Hann segir: "Helgi Ásbjarnarson gerði það."

Þá bað Helgi Droplaugarson Hrafinkel nefna sér votta og stefna Helga Ásbjarnarsyni af goðorðinu, sagði ónýtt öll mál fyrir honum, hafði nefnt Án trúð í dóm.

Þá gerðist þröng mikil og búið við bardaga áður Hólmsteinn gekk í milli og leitaði um sættir. Varð sú sætt þeirra að Hrafnkell skyldi hafa jafnlengi goðorð sem Helgi hafði áður haft en eftir það skyldu þeir hafa báðir saman goðorð og skyldi Helgi þó veita Hrafnkati að öllum málum á þingum og mannfundum og þar er liðs þyrfti við.

Helgi Droplaugarson mælti við Hrafinkel: "Nú þykist eg þér lið veitt hafa."

Hann kvað svo vera. Nú fara menn heim af þinginu.

## 5. kafli

Eftir um veturinn gerði hallæri mikið og fjárfelli. Þorgeir bóndi á Hrafnkelsstöðum lét mart fé. Maður hét Þórður er bjó á Geirólfseyri fyrir vestan Skriðudalsá. Hann fæddi barn Helga Ásbjarnarsyni og var ríkur að fé. Þangað fór Þorgeir og keypti að honum fimm tigi ásauðar og gaf fyrir vöru. Ásauðar þess naut hann illa og gekk brott frá honum. En um haustið fór Þorgeir sjálfur að leita fjár síns og fann í kvíum á Geirólfseyri átján ær er hann átti og voru mjólkaðar. Hann spyr konur hvers ráð það væri. En þær sögðu að Þórður réði því. Þá fór hann til móts við Þórð og bað hann bæta sér og mælti vel til, bað hann gera hvort er hann vildi, fá sér tvævetra geldinga jafnmarga eða fæða ærnar eftir um veturinn. En hann kvaðst hvorki vilja, kvaðst lítt njóta þess er hann fæddi Helga Ásbjarnarsyni barn ef hann skyldi hér fé fyrir gjalda. Síðan fór Þorgeir á fund Helga Ásbjarnarsonar og sagði honum til.

Hann segir: "Eg vil að Þórður bæti þér og hefir þú rétt að tala og ber honum til orð mín."

Þorgeir fann Þórð og fékk ekki af. Fór hann síðan til móts við Helga Droplaugarson og bað hann taka við málinu "og vil eg að þú hafir það er af fæst." Og að þessu tók Helgi málið.

Um vorið fór Helgi Droplaugarson á Geirólfseyri og stefndi Þórði til alþingis, kallaði hann leynt hafa ásauðnum þjóflaunum og stolið nytinni. Síðan fór málið til þings og voru þeir Helgi Droplaugarson og Þorkell Geitisson allfjöldmennir. Var þar með þeim Ketill úr Njarðvík. Helgi Ásbjarnarson hafði ekki lið til að ónýta mál fyrir þeim. Þá báðu menn þá sættast en Helgi Droplaugarson vildi ekki nema sjálfdæmi. Og sú varð sætt þeirra en Helgi gerði svo mörg kúgildi sem ærnar höfðu verið, þær er Þórður hafði nytja látið. Skildust nú að svo mæltu og þótti Helga Droplaugarsyni þetta mál hafa að óskum gengið.

## 6. kafli

Sveinungur hét maður er bjó á Bakka í Borgarfirði. Hann var Þórisson. Hann var mikill maður og sterkur og vitur. Hann var vinur Helga Droplaugarsonar. Þann vetur eftir var Helgi Droplaugarson löngum með Sveinungi í Borgarfirði.

Þorsteinn hét maður er bjó á Desjarmýri í Borgarfirði. Kona hans hét Þórdís og var skyld mjög Helga Droplaugarsyni.

Björn hét maður er bjó í Snotrunesi í Borgarfirði. Hann var kvæntur og hlítti þó eigi þeirri einni saman. Björn var barnfóstri Helga Ásbjarnarsonar. Björn fór jafnan á Desjarmýri til tals við Þórdísi konu Þorsteins. Hann var þá hrymdur mjög og var hún til fjár gefin. Þorsteinn var þó vel að sér.

Það var einn tíma að Þorsteinn talaði við Helga Droplaugarson og bað hann freista ef Björn vildi gera fyrir hans orð að láta af tali við Þórdísi. Hann var ófús þessa og hét þó að freista til einn tíma.

Einhverju sinni gekk Björn um nótt á Desjarmýri en þeir Helgi og Sveinungur fóru til móts við hann.

Þá mælti Helgi: "Það vildi eg Björn að þú létir af komum til Þórdísar og er þér fremd engi að skaprauna gömlum manni og lát að orðum mínum og mun eg veita þér annan tíma slíkt svo."

Björn svaraði engu og gekk veg sinn. Annan tíma fann Helgi Björn er hann fór af Desjarmýri og bað hann með mjúkum orðum af láta sínum ferðum á Desjarmýri. Björn kvað eigi gera mundu um að vanda. Það fylgdi því máli að Þórdís fór kona eigi ein saman og var það héraðfleygt orðið. Helgi hafði þetta mál tekið af Þorsteini og beiddi Helgi Björn bóta fyrir en hann lést engu bæta mundu og engum svörum upp halda. Síðan hjó Helgi Björn banahögg og stefndi honum til óhelgi fyrir það er hann var um sanna sök veginn.

Um nóttina næstu eftir fóru þeir Helgi og Sveinungur og tveir menn með þeim í sker það er þar var fyrir landi og færðu Björn þangað og huldu þar hræ hans og heitir það síðan Bjarnarsker.

Menn voru sendir í Mjóvanes til Helga Ásbjarnarsonar og þóttist kona Bjarnar þar eiga tilsjá um eftirmál er hann var.

Þetta vor eftir vígið fór Helgi Ásbjarnarson í Borgarfjörð að búa mál til og fann eigi hræ Bjarnar. Síðan stefndi Helgi Ásbjarnarson Helga Droplaugarsyni um það hann hefði myrðan dauðan mann og sökkt í sjó og hult eigi moldu. Helgi stefndi til þings skóggangssök þeirri. Helgi Droplaugarson hafði til alþingis búið legorðssökina. Nú fara hvortveggja mál til alþingis og til dóms. Síðan bauð Helgi Ásbjarnarson til varna. Þá gekk Helgi Droplaugarson til dóms og mikið fjölmenni með honum. Hann nefndi sér votta að ónýtt voru öll mál fyrir Helga Ásbjarnarsyni og kvað þar þá þrjá menn er það sáu að Björn var moldu huldur. Vann þá Sveinungur eið að stallahring og tveir menn með honum að þeir sáu að Björn var moldu huldur. Nú urðu öll mál ónýtt fyrir Helga Ásbjarnarsyni. Þá vildi Helgi Droplaugarson gera Björn sekjan en Helgi Ásbjarnarson bauð fé fyrir og varð þá Helgi Droplaugarson einn að ráða. En hann gerði sér hundrað þeirra aura er þá gengu í gjöld. Og skildust að því.

## 7. kafli

Nokkurum misserum síðar kom Helgi Droplaugarson af haustþingi á Víðivöllu hina nyrðri til Hallsteins mágs síns og Droplaugar móður sinnar og hafði hann þar ekki komið síðan hún var gefin. Þá mælti Droplaug við Hallstein bónda sinn að hann skyldi bjóða Helga að vera þar um veturinn.

Hann segir: "Ekki er mér um það mikið. Vil eg heldur gefa honum yxn eða hesta."

En við áeggjan hennar bauð hann Helga þar að vera og það þá hann.

Hallsteinn átti þræl er Þorgils hét. Það var hálfum mánuði síðar að þau töluðu lengi einn morgun, Helgi og Droplaug og Þorgils þræll Hallsteins, og vissu aðrir menn eigi þeirra orðræðu.

Þorgils vann að sauðfé um veturinn á gerði fyrir sunnan garð og var góður verkmaður. Þangað voru borin hey mikil. Einn dag kom Þorgils að Hallsteini og bað hann fara að sjá hey sín og fé. Hann fór og kom í hlöðu og ætlaði út vindauga. Þá hjó Þorgils til Hallsteins með exi er átti Helgi Droplaugarson og



þurfti hann eigi fleiri til bana.

Helgi kom þar að úr hlið ofan frá hrossum sínum og sá að Hallsteinn var veginn. Helgi drap þegar þrælinn. Hann fór heim og sagði móður sinni tíðindin en hún sat við eld og konur hjá henni.

Litlu síðar spratt það upp af heimamönnum á Víðivöllum að þau Helgi og Droplaug og Þorgils hefðu lengi talað einum degi áður Hallsteinn var veginn og varð þetta víg óvinsælt.

Þetta mál tekur Helgi Ásbjarnarson og stefnir Helga og Droplaugu um fjörráð við Hallstein og bjó mál til alþingis. Mál Helga Droplaugarsonar urðu óvinsæl og vildu engvir honum veita nema þeir Þorkell Geitisson og Ketill Þiðrandason.

En er menn fóru heiman til alþingis þá tók Droplaug vöru þá er þau Hallsteinn höfðu átt og fór til skips í Berufjörð með son sinn þrevetran er Herjólfur hét og fóru þau þar utan og komu til Færeyja og keypti hún sér þar jörð og bjó þar til elli og er hún úr þessi sögu.

## 8. kafli

Því hafði Helgi Ásbjarnarson þessi mál að eigi voru synir Hallsteins hér á landi. Á þingi varð Helgi Ásbjarnarson allfjöldmennur. Þá var leitað um sættir milli þeirra nafna og fékkst ekki annað af en Helgi Ásbjarnarson réði einn. Varð sú sætt þeirra að fyrir víg Hallsteins skyldu koma tólf hundruð og fimm kúgildi í, en Helgi Droplaugarson skyldi fara utan og vera utan þrjá vetur og vera nótt í húsi þar til er hann færi í brott. En ef hann færi eigi utan skyldi hann sekur falla fyrir Helga Ásbjarnarsyni á milli Smjörvatnsheiðar og Lónsheiðar.

Helgi Droplaugarson leitaði ekki við utanferð. Þá fór Grímur bróðir hans frá búi sínu og til móts við bróður sinn og voru á vetrum með Þorkatli í Krossavík. Þeir fóru um allt hérað til þinga og mannfunda svo sem Helgi væri ósekur.

Því næst koma út í Reyðarfirði synir Hallsteins, Þóroddur og Þorkell en Eindriði var andaður er þeir komu til Íslands. Þeir gáfu Helga Ásbjarnarsyni viðu til skála og launuðu honum því eftirmál eftir föður sinn. Stendur sá skáli enn í Mjóvanesi.

Þorgrímur skinnhúfa bjó í Miðbæ í Norðurfirði. Kona hans var Rannveig brestingur. Hún var systir Þórdísar er Þorsteinn átti og skyld Helga Droplaugarsyni. Hún bað um vorið á Múlaþingi Helga frænda sinn fara til fjárskiptis með þeim Skinnhúfu. Og það varð að hann hét ferðinni.

Það var nokkurum vetrum fyrr er þeir nafnar fundust á haustþingi að Þinghöfða. Þá skyldi Helgi Droplaugarson mæla lögskil og varð honum misinnt og hlógu menn að mjög en Helgi Ásbjarnarson brosti að.

Helgi Droplaugarson fann það og mælti: "Þar stendur Hrafnkell að baki þér Helgi."

"Það eru mér engi brigсли," kvað Helgi Ásbjarnarson, "en það skaltu þó vita að sá mun verða okkar fundur að vér munum eigi báðir heilir skilja."

Helgi Droplaugarson sagði: "Eigi hræðist eg þessi hót þótt þau séu allægileg fyrir því að eg ætla mér að hlaða hellum að höfði þér á þeim fundi."

Og skildi svo þeirra tal þar að sinni.

## 9. kafli

Um vorið eftir sendi Flosi frá Svínafelli orð Þorkatli Geitissyni að hann skyldi fjölmenna norðan til hans. Vildi Flosi stefna til óhelgi Arnóri Örnólfssyni bróður Halldórs í Skógum. Þann mann hafði Flosi vege látið. Þorkell safnaði sér liði og voru þeir saman þrír tigir. Hann bað Helga Droplaugarson fara með sér.

Helgi sagði: "Skyldur og fús væri eg að fara þessa ferð en krankur er eg og mun eg heima vera."

Þorkell spurði Grím ef hann vildi fara en Grímur lést eigi mundu ganga frá Helga sjúkum. Síðan fór Þorkell með þremur tigum manna suður til Svínafells. Þaðan fóru þeir Flosi vestur í Skóga með hundrað manna.

Litlu síðan kom Helgi að máli við Grím bróður sinn og sagði honum að nú vill hann fara til Rannveigar frændkonu þeirra og gera fjárskipti með þeim Þorgrími skinnhúfu. Þorkell og Gunnsteinn úr hinni innri Krossavík og tveir heimamenn þeirra fóru með þeim og voru þeir sex saman. Fara þeir þá um heiði austur og koma til Þorkels á Torfastaði. Dóttir hans var Tófa er kölluð var hlíðarsól. Hún var hjalskona Helga Droplaugarsonar. Þar voru þeir um nótt og töluðu þau Helgi mart og Tófa. Sagði henni svo hugur um sem hann mundi eigi aftur koma úr þessi för. Hún gekk á götu með þeim og grét mjög. Helgi spretti af sér belti góðu og þar á hnífur búinn og gaf henni. Síðan skildust þau. En þeir fóru til bæjar þess er að Straumi heitir. Sá maður fór þaðan með þeim er Helgi hét. Voru þeir þá sjö saman. Þeir komu til Eyvindarár til Gró. Var þeim þar vel fagnað.

Þorbjörn hét maður. Sá var húskarl Gró. Hann gerði vel til vopn. Helgi Droplaugarson bað hann gera til sverð sitt meðan hann færi í jörðu ofan. Þorbjörn fékk Helga annað sverð. Þaðan fóru þeir í Norðurfjörð til Þorsteins mágs síns. Hann átti Þórdísi systur Rannveigar er átti Þorgrímur skinnhúfa.

Þann dag er Helgi sat þar þá kom ofan um heiði Þorkell bróðir Þórarins úr Sauðarfirði og einn maður með honum. Þeir voru þar um nóttina og töluðu þeir Helgi mart og mæltu til vináttu með sér.

Helgi mælti við Þorkel: "Hvert ætlar þú héðan?"

Hann segir: "Út á Nes til Bjarnar. Hann seldi lérefit í vetur er eg átti. Mun eg þar vera þrjár nætur."

Þá mælti Helgi: "Eg vildi að við færum báðir saman upp um fjall."

Þorkell kvaðst það gjarna vildu. Síðan fara þeir allir saman í Miðbæ. Þaðan fór Þorkell út á Nes. Helgi drap á dyr í Miðbæ og gekk Rannveig til dyra.

Helgi mælti við hana: "Viltu nú fjárskiptið með ykkur Þorgrími?"

"Vil eg gjarna," kvað hún.

Þá nefndi hún sér votta og sagði skilið við Þorgrím skinnhúfu. Hún tók föt hans öll og rak niður í hlandgróf. Eftir það fóru þau á brott því að Helgi ætlaði síðar að heimta út fé hennar. Fara þau til dagverðar í Fannardal.

En er þau voru í brottu spratt Þorgrímur upp og tók rekkjuvaðmál sitt og vafði að sér því að föt voru engi. Hann rann til Hofa. Þar bjó Þórarinn moldoxi. Hann var mikill fyrir sér.

Þórarinn mælti: "Hví ferð þú hér svo snemma Þorgrímur og heldur fáklæddur?"

Hann svarar, kvað konu sína brott tekna "vil eg nú biðja þig ásja um þetta mál."

Þórarinn segir: "Gefa vil eg þér fyrst klæði því að það er þér nú mest nauðsyn."

Síðan át hann þar dagverð.

Þá mælti Þórarinn: "Það mun eg þér ráða að þú finn Helga Ásbjarnarson og skorir á hann að hann rétti þitt mál. En ef svo fer sem eg get til að þú fái ekki þá spyr þú hvenær hann ætlar að efna orð sín þau er hann mælti á haustþingi að Þinghöfðum. En ef hann vaknar þá ekki við, þá leita þér ráðs en seg Helga Ásbjarnarsyni að Helgi Droplaugarson mun fara um fjall upp á þriggja náttu fresti og þeir sjö saman. Far til Helga í kveld og kom síð því að hann lýkur sjálfur hurðum hvern aftan í Mjóvanesi."

Þeir skildust og fór Þorgrímur leið sína og kom hinn sama aftan í Mjóvanes. Helgi sat við eld. Þorgrímur bar þegar upp erindið og sagði Helga sín vandræði en hann fékk ekki orð af Helga.

Þá mælti Þorgrímur: "Allmjög dregur nú að því að þú haldir enga þingmenn þína skammlaust fyrir Helga Droplaugarsyni hvorki á þingum né mannfundum og má eg það frá bera eða hvenær ætlar þú að fundur skyli ykkar verða er þú hést honum að Þinghöfðum, að þið skylduð eigi báðir á brott komast? Eða vildir þú enn fleiri ófarar fara fyrir honum?"

Helgi Ásbjarnarson mælti: "Hvort eru þetta þín ráð eða annarra manna?"

Hann segir: "Þórarinn moldoxi réð mér þetta."

Þá mælti Helgi: "Þú, Þorgrímur, skalt fara út yfir háls á Mýrar til Bjarnar hvíta og bið hann hingað koma fyrir miðjan dag á morgun. Og þá far þú aftur um Bolungarvöll og kom á Víðivöllu til fundar við sonu Hallsteins og bið þá hingað koma ef þeir vilja hefna föður síns. Þá far þú ofan fyrir vestan vatn undir Ás til Össurar og bið hann hingað koma og fylgdu honum."

Hann fór þegar. Um daginn komu menn í Mjóvanes þeir er Helgi hafði eftir sent. Með Helga voru á vist Austmenn tveir. Hét annar Sigurður skarfur en annar Önundur. Nú fóru þeir heiman sextán saman til Höfða. Helgi bað Hjarranda fara með sér og Kára bróður hans.

Hann segir: "Eg var búinn þótt fyrir væri."

Nú eru þeir átján saman og fóru upp í Eyvindardal til Knútusels og sátu þar fyrir Helga Droplaugarsyni.

Ígull hét maður er bjó undir Skagafelli í Eyvindardal. Þórður hét son hans. Þeir skyldu halda njósn um ferðir Helga Droplaugarsonar því að þaðan mátti fyrir sjá mannaferð en þaðan sem þeir Helgi voru.

## 10. kafli

Þá er þar til að taka er Þorkell kemur í Fannardal til föruneytis við Helga Droplaugarson og voru þar um nóttina. Helgi lét illa í svefni og var hann þremur sinnum vaktur á þeirri nótt. Þorkell spyr hvað hann dreymdi.

Helgi segir: "Eigi mun eg segja."

Nú klæðast þeir. Helgi bað Þorstein sjá um kost Rannveigar "lát fylgja henni, ef þú vilt, til bús Gríms bróður míns."

Þeir fóru fyrir dag utan úr Fannardal og voru níu saman og upp á heiði. Og þá er lokið var brekkum öllum hvíldist Helgi því að honum var orðið erfitt og lagði undir sig feld sinn. Þá kló hann kinn sína og neri hökuna og mælti þetta: "Það er vænna áður kveld komi að þar klæi lítt. Eða er þér Þorkell nú jafnmikill hugur á að heyra draum minn sem í nótt?"

Hann segir: "Eigi er mér nú minni hugur á því en þá."

"Mér þótti," kvað Helgi, "sem vér færum þessa leið sem nú förum vér og ofan eftir Eyvindardal til Kálfshvols. Þá runnu átján vargar móti oss eða tuttugu og var einn miklu mestur. En vér vildum á hvolinn og komumst eigi. En þeir sóttu að oss þegar og kleif einn í höku mér og í tanngarðinn og þá var eg vaktur."

Þá kvað Þorkell það víst "að menn munu sitja fyrir þér. Mun þar vera Helgi Ásbjarnarson og aðrir héraðsmenn og leiðist nú yfrgangur þinn flestum mönnum héðra. Nú höfum við mælt til vináttu með okkur og vil eg að þú farir heim með mér og ver þar nokkura stund."

Helgi svarar: "Svo mun eg fara sem eg hefi ætlað."

Þeir fóru ofan eftir Eyvindardal og komu á bæ Þórdísar. Hún var gömul, bæði ljót og svört. Helgi ætlaði að spyrja hana tíðinda en í því tekur einn maður upp snækökk og gerði harðan í hendi sér og laust á kinn Þórdísi og varð henni illt við.

Hún mælti: "Farið þér í svo gramendur allir."

Þá mælti Helgi: "Það er heimsklegt að berja til kvenna og er án ills gengis nema heiman hafi."

Nú fékk Helgi þar engi tíðindi. Fara þeir nú á brott og ofan til Valagilsár. Þá bauð Þorkell að fylgja Helga til Eyvindarár.

"Eigi þarf þess," kvað Helgi.

Nú skiljast þeir. Og þá er Þorkell var kominn skammt í brekkur upp hverfur hann aftur til móts við Helga. Hann tók allvel við Þorkatli og kvað slíkt vinraun mikla.

Nú fara þeir til Kálfsvaðseyrar. Þá sjá þeir átján menn renna í móti sér. Nú vildu þeir Helgi Droplaugarson snúa til hvolsins og máttu eigi. Þá sneru þeir upp af götunni á gilsþröminn hjá Eyrargilsá. Þar var lítil upphæð og lögð í snjófönn neðan, en nú er þar hrísi vaxið um alla þá hæð og er þar nú lítill grjótvarði er þeir börðust.

Þá spurði Helgi Grím bróður sinn hvort hann vill skjóta til Helga Ásbjarnarsonar uppi eða niðri. En Grímur kaus uppi til að skjóta.

"Eigi viltu nafna minn þá feigan," kvað Helgi, "fyrir því að eigi mun honum hlíf verða að skildinum þar er eg skýt til."

Nú skutu þeir báðir senn til Helga Ásbjarnarsonar og skaut Grímur í gegnum skjöldinn og varð Helgi ekki sár af því. En Helgi Droplaugarson skaut í knéskel honum og renndi ofan í legginn. Klofnaði til leggurinn og svo niður í gegnum ristina og varð Helgi Ásbjarnarson þegar óvígur. Þá settist Björn hvíti undir herðar honum og barðist hvorgi þeirra um daginn. Össur undan Ási gekk frá, kvaðst eigi mundu vega móti Helga Droplaugarsyni og sat hann hjá.

Þórður skarfur var njósnarmaður Helga Ásbjarnarsonar og hafði legið í ánni og voru frosin klæði hans. Hann sótti upp í skaflinn að Helga Droplaugarsyni og þóttist við hann sakir eiga. Og er hann kom í skaflinn skaut Helgi Droplaugarson til hans milli fótanna og í gegnum kyllinn og féll hann á bak aftur en spjótið festi í skaflinum og hékk hann þar á skaflinum allan daginn.

Eftir það eggjaði Helgi Ásbjarnarson mága sína til atgöngu og nefndi til Hjarranda. Og þá sóttu þeir Hjarrandi og Kári að Helga Droplaugarsyni en þeir Hallsteinssynir sóttu Grím og maður með þeim. En Þorkel svartaskáld sóttu Austmenn tveir og var Sigurður hinn þriðji maður best vígur af liði Helga Ásbjarnarsonar. Þar féll Þorkell svartaskáld en hann drap Austmanninn annan en Sigurður varð sár mjög því að Þorkell var best vígur af þeirra liði þegar Helga leið og Grím.

Nú gangast þeir að fast og þá er þeir Hjarrandi og Kári sóttu Helga Droplaugarson þá hljóp Helgi hinn magri frá Straumi í móti Kára. Áttust þeir við og féll Kári en Helgi varð sár mjög.

Þá sótti Hjarrandi fast að Helga Droplaugarsyni og hjó til hans hart og tíðum. En Helgi hjó hvorki færra né smærra en sverð það er hann hafði dugði ekki.

Þá mælti Helgi við Hjarranda: "Allhart mundir þú fram ganga ef þú ættir frjálsborna dóttur Helga Ásbjarnarsonar."

Hjarrandi segir: "Láttu að því koma, jafnskyldar eru Helga báðar" og sótti hann að harðara þótt slík orð færu í.

Hjóst skjöldur Helga Droplaugarsonar mjög og sá hann að honum mundi eigi svo búið duga. Þá sýndi Helgi vígfimi sína og kastaði upp skildi sínum og sverði og tók sverðið vinstri hendi og hjó til Hjarranda og kom á lærið. En sverðið beit ekki þegar beinsins kenndi og svaddi ofan í knésbótina og varð hann af því sári óvígur. Og í því hjó Hjarrandi til Helga en hann brá við skildinum og hljóp af sverðið í andlit honum og kom á tanngarðinn og af vörina neðri.

Þá mælti Helgi: "Aldrei var eg fagurleitur en lítið hefir þú um bætt."

Tók hann þá til hendi sinni og sletti í munn sér skegginu og beit á. En Hjarrandi fór niður fyrir skaflinn og settist niður.

Það er mál manna að skemmri mundi hafa orðið fundur þeirra Hjarranda ef Helgi hefði haft sverð sitt og hefði eigi við fleirum átt að sjá og var Hjarrandi þó hinn mesti fullhugi.

Þá sá Helgi að Grímur bróðir hans var fallinn en þeir voru allir dauðir er að honum sóttu en Grímur var sár til ólífis. Þá tók Helgi sverð það er Grímur hafði átt og mælti: "Nú er sá maður fallinn er eg hugði best. Það mun nafni minn vilja að við skiljum eigi að þessu."

Og stefnir Helgi þá ofan að þar er Helgi Ásbjarnarson sat en þá voru allir menn stokknir ofan af skaflinum og vildi þá engi bíða Helga.

"Þar stendur þú Össur," kvað Helgi, "og mun eg ekki við þér sjá því að þú jóst mig vatni." Og bar hann þá ofan gegnt Össuri.

Þá varð Össur skjótt til ráða að taka því að bani annars hvors þeirra Helganna lá við. Það varð þá úrræði Össurar að hann lagði á Helga Droplaugarsyni spjótinu svo að stóð í gegnum hann.

Helgi gekk á spjótíð og mælti við Össur: "Sveikstu mig nú."

Össur sá að Helgi sneri að honum og mundi ná til hans með sverðinu. Þá hratt hann frá sér spjótinu og öllu saman. Sneri þá spjótkaftinu í jörð niður og lét hann þá laust.

Þá mælti Helgi er hann sá að hann náði honum eigi: "Nú seinkaði eg en þú bræddir heldur."

Reið hann þá af út á snjáinn og lauk svo ævi Helga Droplaugarsonar. Fimm menn höfðu bana af liði Helga Ásbjarnarsonar en sárir allir aðrir utan Björn hvíti og Össur. Þar féll með Helga Droplaugarsyni Þorkell svartaskáld og förunautur hans og Austmaður er heiman fór með Helga Droplaugarsyni og Grímur bróðir hans.

## 11. kafli

Helgi Ásbjarnarson reið af fundinum og var studdur á baki en Hjarrandi reið einn saman en Kári var á skjöldum borinn heim til Höfða og orpinn haugur eftir hann. Nú koma þeir til Höfða og voru spurðir tíðinda en þeir sögðu þau er orðin voru.

Þá mælti einn maður: "Hvað gerði Helgi Droplaugarson um aðra menn fram í dag?"

Sigurður skarfur segir: "Ef slíkir hefðu allir verið með Helga Droplaugarsyni sem hann var þá hefði engi vor í brott komist."

Helgi hinn magri kom til Eyvindarár og sagði Gró tíðindin. Hann var sár mjög.

Hún mælti þá við Bárð son sinn: "Tak þú hesta og eyki og förum eftir þeim Helga og Grími."

Þau fóru og komu til valsins og var þeim bræðrum velt í sleða og Þorkatli með þeim en þeir fóru á hestum er sárir voru. En þar voru þeir jarðaðir er dauðir voru. Nú fara þau heim á leið og fylgdi Gróa þeim sleða fastast er Grímur var í og lét hóglega með hann fara. Nú komu þau heim og létu færa líkin til útibúrs eins.

Gróa mælti: "Nú munum við Bárður son minn náttseta líkin en þér farið með þá er lífs eru og vinnið þeim beina."

En er menn voru í svefni fór Gróa yfir um vatn til Ekkjufells. Þar bjó Álfgerður lækni. Gróa bað hana fara heim með sér og sagði henni tíðindin. Nú komu þær heim til Eyvindarár og var líf með Grími. Álfgerður batt sár hans og hafði hann í brott með sér. Um morguninn eftir var haugur ger út við Eyvindará fyrir sunnan garð og fór Bárður með líkin og sá maður er þau trúðu best að leyndu mundi að Grímur var á lífi og voru þeir Helgi og Þorkell þar heygðir.

Nú liggur Grímur í sárum þann vetur og svo Helgi Ásbjarnarson. Nú fló sá kvittur að Grímur lifði og sannaði annar en annar kvað lygi. Kom það fyrst upp af hjónum Gró. Þá lét Helgi gera lokhvílu í Mjóvanesi er hann spurði að Grímur var heill. Síðan fór Grímur norður í Krossavík til Þorkels Geitissonar og var honum þar vel fagnað.

## 12. kafli

Nú keypti Helgi Ásbjarnarson land það er að Eiðum heitir út í héraði en seldi Mjóvanes og þóttist þar betur kominn er þingmenn hans voru umhverfis og lét gera þar lokhvílu. Þórdís kona hans spurði hví hann vildi þar heldur land eiga er allt var skógi vaxið að húsum heim og mátti hvergi sjá mannaferðir

þótt að garði færu.

Þá kvað Helgi vísu:

Á eg í mörk, er myrkvir  
miðlegg daga tveggja,  
fram ber eg Heiðs í hljóði  
hrönn, argspæing margan  
að mótstafir Meita  
muni, menn þeir er styr vinna,  
hildarbörrum hjarra  
hrælækjar mig sækja.

Grímur var nokkura vetur í Krossavík og var eigi kátur og aldrei hló hann síðan Helgi var fallinn. Þorkell átti för til Eyjafjarðar að setta þingmenn sína og reið hann heiman en Grímur var heima og annaðist um bú.

Nokkurum nóttum síðar bjóst Grímur heiman og sagðist eiga fjárheimtu að þeim manni er Þorgrímur hét og bjó í Hjarðarhaga í Jökulsdal.

"Er nú reynt," kvað Grímur, "að hann vill eigi gjalda."

Þá mælti Jórunn kona Þorkels, hún var dóttir Einars frá Þverá: "Eg mun gjalda þér skuld þessa og far þú hvergi."

"Eigi geldur hann þá," kvað Grímur.

Fór hann þá heiman og hafði með sér nest. Fóstbræður hans fóru með honum, Glúmur og Þorkell trani. Þeir fóru þar til er þeir komu til Rangár fyrir vestan vatn. Nú lögðust þeir yfir ána með Þorkel trana og komu á þann bæ er á Bakka heitir fyrir austan fljótið og gengu þar í fjós og tóku þar pál og reku og fóru á brott síðan og þaðan út til Oddmarslækjar fyrir vestan Eiðaskóg. Við lækinn grófu þeir sér jarðhús og færðu mold alla út á lækinn. Vildu þeir eiga fylgsni það ef þeir þyrftu til að taka.

## 13. kafli

Þann dag er þeir voru við lækinn riðu menn brott af Lambanesþingi og fór mart manna til Eiða með Helga Ásbjarnarsyni.

Ketilormur hét maður er bjó á Hrollaugstöðum. Hann fór með Helga við þrjá tigu manna. Og þar voru þeir mágar Helga, Björn og Hjarrandi.

Þenna aftan gengu þeir Grímur úr jarðhúsinu og heim til Eiða og ganga inn í fjósdyr. En af fjósi gekk forskáli inn í mannahús. Stóðu þeir þar og sáu þaðan tíðindin inn í bæinn.

Um kveldið mælti Helgi Ásbjarnarson við konu sína: "Hvar ætlar þú þeim Ketilormi að hvíla?"

Hún segir: "Eg hefi búna þeim góða sæng utan af seti."

Helgi mælti: "Þau skulu liggja í sæng okkarri því að þau ganga úr rekkju fyrir okkur hvern tíma er við erum þar."

Þórdís segir: "Eigi ertu ávallt jafnvar. Þá mundi eg þíns fundar leita ef eg ætti Gríms hlut er flest væri gesta og þú ættir mart að annast."

Hann segir: "Það er mér oft í brigsli fært að eg sé of var."

Nú réð hann rekkjum en eigi hún.

Þá mælti Grímur við Þorkel: "Gakktu inn og vit að þú náir sverði því er Þorbjörn hefir hvatt og Helgi bróðir minn átti."

Þorkell gekk inn og kom aftur og hafði þar sverðið.

Stundu síðar mælti Grímur: "Far þú nú og vit hvar þau Helgi munu hvíla."

Þorkell var litla stund í brott og sagði Grími að þau hvíldu utan af seti í lokhvílu og engi hurð fyrir.

Arnoddur hét maður og var blindur. Hann var heimamaður Helga Ásbjarnarsonar og var rammur að afli. Hann lá gagnvert Helga í seti við þili.

Þá mælti Grímur við Þorkel: "Þér ætla eg að ganga inn að sæta áverkum við Helga því að þú ert annar maður skyldastur til að hefna Helga bróður míns."

"Satt er það," kvað Þorkell.

Þá seldi Grímur honum sverð í hönd. Og þá gengu þeir heim að dyrunum.

Þorkell nemur staðar og mælti við Grím: "Eigi vil eg að þú virðir svo að eg óttist inngöngu að Helga, en þó þykir mér kynlegt um að því er þú hefir mælt, að þú ynnir engum að hefna bróður þíns nema þér sjálfum."

"Það kemur til þess að mér þykir aldrei fyrir von komið að hefnt muni verða Helga bróður míns meðan eg lifi eftir."

Þá vildi Þorkell inn ganga en Grímur tók til hans og mælti: "Góður drengur ertu Þorkell en svo líst mér á þig að eigi sé víst að þú særir Helga svo djúpu sári sem eg mundi vilja. Og lát þú að því koma sem þú sagðir að eg ann engum manni hefnda eftir Helga nema mér einum."

Þá tók Grímur við sverðinu og mælti: "Þú Þorkell skalt halda í hurðarhringinn því að þér trúir eg best að þér verði eigi um felmt en Glúmur skal skjóta slagbrandi fyrir dyr."

En áður Grímur gekk inn tók hann riðvöl í hönd sér og var í skyrtu og línbrókum og hafði engva skúa á fótum. Hann gekk inn í skálann og vissi að skíðahlaði var við dyr þær er til fjóss voru. En Glúmur hafði um kveldið knýtt saman hala á öllum nautum í fjósi. Þá gekk Grímur í hvílugólf það er var hjá sæng þeirra Helga og setti þar niður fyrir framan það er hann hafði í hendi og gekk síðan að sænginni og lagði af Helga klæðin.

Hann vaknaði við og mælti: "Tókstu á mér Þórdís eða hví var svo köld hönd þín?"

"Eigi tók eg á þér," sagði hún, "og óvar ert þú. Uggir mig að til mikils dragi um."

Og eftir það sofnuðu þau. Þá gekk Grímur að Helga og tók hönd Þórdísar af honum er hún hafði lagt yfir hann.



Grímur mælti: "Vaki þú Helgi, fullsofið er."

En síðan lagði Grímur sverðinu á Helga svo að stóð í gegnum hann.

Helgi mælti: "Vaki sveinar í seti, maður vegur að mér."

Þá tók Grímur tré það er hann hafði niður sett og kastaði. Það kom í skíðahlaðann og hljóp hann ofan. Nú hlaupa menn upp í skálanum og ætluðu þangað vegandann hlaupið hafa er skarkið var að heyra. En Grímur sneri til sömu dyra sem hann gekk inn. Þá greip maður um Grím miðjan og vó hann upp á bringu sér og var það Arnoddur.

Hann kallaði: "Til þér hingað. Eg held óhappamanninum."

Þá mælti Grímur: "Vesall ertu halds og lát mig lausan. Eg vildi hefna Helga."

Þá lét Arnoddur fara aðra höndina um hann og fann að hann var berfættur og í línklæðum.

Lét hann þá Grím lausan og mælti: "Því lét eg laust þar að eg mundi eigi vita að betur væri ef eg hefði haldið."

Þá hljóp Grímur til dyra og komst út en Þorkell rekur aftur hurð en Glúmur slagbrand fyrir og fara þeir til jarðhúss síns og hafa þar fylgsni.

Nú leituðu þeir sér ráðs er eftir voru, tóku það ráð að halda vörð á vöðum öllum og sitja við brúar á Jökulsá. Nú komust þeir Hjarrandi og Ketilormur og nauðleytamenn Helga fyrst út og fóru í leit. Nú koma heim flestir úr leitinni og lifði Helgi þá og spurði hvort þeir Björn væru aftur komnir og Hjarrandi.

"Hér er eg," kvað Björn.

"Svo er og," kvað Helgi, "að Hjarrandi lýsir enn mestan drengskap við mig."

Nú andast Helgi.

Nú líður af nóttin og fara þeir Grímur úr jarðhúsinu og upp með vatni til Höfða og sáu þar tjald.

Grímur gekk að tjaldinu og mælti: "Hví látið þér þjófa hjá skipi yðru?"

Þorlákur hét maður er skipið átti. Hann fylgdi Austmönnum til skips. Hann léði Grími bát. Fluttust þeir þar yfir. Grímur fór aftur með bátinn og lagðist síðan yfir vatnið. Þaðan fóru þeir út með vatni og komu til Jökulsár og lagðist Grímur þar yfir með Þorkel og Glúmur fór þar, fóru svo norður í Krossavík og var Þorkell eigi heim kominn. Þeir voru spurðir tíðinda. Þeir kváðust engi segja.

Um daginn eftir tefldi Grímur við Austmann og rann að borðinu sveinn er þau Þorkell áttu og Jórunn og rótaði taflinu. Austmaðurinn spyrnti til sveinsins en hann frat við. Grímur skelltu upp og hló.

Þá gekk Jórunn að honum og mælti: "Hvað er þess orðið í ferð þinni er þér fær nú hlátrar eða hvað segir þú tíðinda?"

Þá kvað Grímur vísu:

Hlógu hirðidraugar,  
hlít var að því lítil,  
seims þá er særðum Grími  
sunnr var harmr of unninn.  
Nú tér Freyr að fári,  
fregn eg auðskata dauðan,  
fyllar mars í fjöllum  
Fljóts annan veg þjóta.

"Er eigi það nú," kvað Jórunn, "að þú hafir hefnt Helga bróður þíns?" Þá kvað Grímur vísu:

Reka þóttumk nú nakkvað  
nadda rógs að gnógu  
Helga vígs, en hlægir  
hug minn við það, inni.  
Nú er böðgjörnum Bjarna,  
beit egg Munins teiti,  
armglóðar vó eg eyði,  
efni mágs að hefna.

"Nú mun það sannast," kvað Jórunn, "að vér erum forystulaus þegar bóndi er eigi heima en þó mundum við til hætta ef eigi væru násetur Bjarna, mágs Helga Ásbjarnarsonar, sem nú eru."

Voru þeir Grímur þá í leynum þar til er Þorkell kom heim. Nú kemur Þorkell heim og fór til fundar við Grím og spurði tíðinda og um atburðinn um víg Helga.

Grímur sagði hversu til bar og kvað vísu:

Úlfr beit ennibjálfa,  
egg kom snörp í leggi,  
Helga kennd úr hendi,  
harðgrams megin-Njörðu  
þá er hræmána honum  
Hildar borðs að morði  
úrfræningar árum  
endr fjörbrautir renndu.

Helgi vann með herjum,  
hjör gall að valfalli,  
vitt knáttu það þjóðir,  
þegns verk í Styr, fregna  
þá er gnývirðir gerði  
Göndlar stígs að Vígi,  
heiðr að Hildar veðri  
hrafns ár, þrjá sára.

Örbeitir varð úti  
unnar viggs að liggja  
átta dægr við ótta  
endr síð víg of bendag  
þá er hjör-Móði, hríðar  
herðandi, lét, sverða

snarr, á seima þverri  
sárvönd roðinn standa.

Þorkell reið þá til þings en Grímur var í tjaldi í fjalli því er Snæfell heitir upp frá Krossavík og þeir félagar.

## 14. kafli

Hrafnkell goði, bróðurson Helga Ásbjarnarsonar, sótti vígsmál á hönd Grími. Þorkell Geitisson bauð fé fyrir Grím en Hrafnkell vildi eigi taka og varð Grímur sekur. Nú fóru menn heim af þingi.

Það sumar kom skip í Krossavík og áttu norrænir menn. Stýrimaður fór til vistar með Þorkatli og voru þeir fjórir saman. Og er haustaði þá færði Grímur sig af fjallinu niður á hjalla einn og var varði stór fyrir ofan tjaldið og svo fyrir neðan. En það var í ofanverðum grösum. Það er nú kallað að Grímsbyggðum síðan.

Austmenn komu til leika í Krossavík að finna stýrimann.

Þá mælti einn Austmaður: "Eg þykist sjá tjald í fjallið upp eða ella stein grán og hygg eg þó tjald vera."

Þorkell segir: "Allskyggn maður ertu. Það er steinn og köllum vér Tjaldstein."

Hættu þeir þá því tali.

Um nóttina eftir kom Þorkell til þeirra Gríms og mælti: "Nú munu menn á fjall ganga brátt og vil eg að þér farið heim á Arneiðarstaði. Ingjaldur mágur þinn er vitur maður og mun hann vel halda yður. En ef honum þykja á því óhægindi þá farið þér hingað."

Nú komu þeir Grímur til Ingjalds og fóru þeir í helli þann er nú heitir Grímshellir.

Ingjaldur talaði við sauðamann sinn: "Þótt hverfi nokkurir sauðir þá gettu ekki um."

Þá mælti griðkona við Ingjald: "Svo er lækur vor saurugur að varla er drekkanda úr."

"Því sætir það að hann var stífldur," sagði hann, "en eg fór til að ræsta hann."

En það var reyndar að Grímur gerði jarðhús og kom munninn upp við sæng konu hans og lá hann þar um nætur en mold var færð á lækinn.

Þorkell spakur bjó í Njarðvík. Hann reyndi eftir mörgum hlutum. Hann var frændi Gríms skyldur. Hrafnkell goði gaf honum hundrað silfurs til að hann reyndi eftir hvar Grímur væri niður kominn. Ekki var hann mjög vinum horfinn. Nú fór Þorkell um fjall upp í hérað, upp með vatni fyrir austan en ofan fyrir vestan. Nú kom hann á Arneiðarstaði. Grímur átti son sex vetra gamlan.

Þorkell fann sveininn og mælti: "Ertu Gríms son"

"Svo er," kvað sveinninn.

Þorkell mælti: "Hvort er faðir þinn heima?"

"Eigi veit eg það enda mundi eg eigi segja þótt eg vissi."

Ein kona spurði um kveldið: "Hvar er Grímsskjóla, er eg finn eigi?"

Þorkell tók til orða: "Hvað er að merki um Grímsskjólu?"

Þá kom Ingjaldur að og mælti: "Hafur vorn kalla þær Grím og er honum þar brynt í skjólunni."

Þá þóttist Þorkell vita að Grímur var þar og fór í brott og sagði Hrafnkatli svo búið.

Ingjaldur og Þorkell trani fóru heiman um vorið hið efra suður um jökla og komu ofan í Hornafjörð. Þar stóð skip uppi. Ingjaldur tók Grími þar fari og liði hans öllu og Þorkatli trana og gaf stýrimanni fé til að hann leyndi og á laun skyldu þau Grímur þangað koma. Eftir það fór Ingjaldur heim. Og litlu síðar fylgdi hann þeim Grími til skips og urðu menn ekki við þetta varir og var Ingjaldur við skip þar til er þeir létu í haf. Síðan fór Ingjaldur heim. Hrafnkell varð vís að Ingjaldur hafði borgið Grími og lauk hann fyrir það þrjár merkur silfurs. Þeir Grímur koma skipi sínu í Sogn.

Þá mælti Þorkell stýrimaður við Grím: "Mat spara eg eigi við þig en traust hefi eg ekki til að halda þig fyrir Gunnari Austmanni og engum þeim er þig vilja feigan."

Þá kaupir Þorkell þeim Grími hesta og fær þeim leiðtoga á Upplönd. Skiljast þeir Grímur vinir. Fara þau þar til er þau koma á Upplönd til þess manns er Finngeir hét. Hann var ungur maður og ríkur að peningum. Sigríður hét systir hans. Hún var væn og kunní sér mart vel. Þar voru þau Grímur um nótt.

Finngeir mælti við Grím: "Hvert ætlar þú ferð þína?" En Grímur sagði honum þann vöxt sem á var.

"Haf þú hér hálfmánaðar dvöl ef þú vilt."

En er það var úti þá mælti Finngeir: "Far þú Grímur til bús þess er bróðir minn hefir átt með lið þitt og ef þú vilt hér dveljast þá geym þú þess sem þú eigir."

Það boð þá Grímur.

## 15. kafli

Gaus hét víkingur einn, illur viðureignar. Þeir voru fjórir saman og veittu mörgum mikla ósæmd. Þá bitu trautt járn. Hann hafði verið á Upplöndum nokkura vetur og stökkt tveim búendum úr búi sínu og sest eftir í búin. Eftir þetta bað Gaus Friðgerðar systur Finngeirs en hún vildi eigi eiga hann. Þá skoraði Gaus á Finngeir til hólmgöngu.

Finngeir segir: "Það mundi eg eigi spara ef eg væri fjórum vetrum eldri en þó skal fyrr berjast við þig en gifta þér systur mína."

Finngeir bauð mönnum fé til að berjast við Gaus og að gefa þeim systur sína er hann dræpi og vildi engi það til vinna.

Grímur fylgdi Finngeiri til hólms og bauð að berjast fyrir hann. Nú komu þeir Gaus og lagði hann sex merkur silfurs við hólmlausn.

"Eg mun það fé taka," kvað Grímur.

Grímur hafði tvö sverð því að Gaus kunni að deyfa eggjar. Grímur vó jafnt báðum höndum. Hann brá upp sverði með vinstri hendi en hjó með hinni hægri til Gauss og af fótinn fyrir ofan kné. Nú féll Gaus og í því veifði hann sverðinu að Grími og kom á fótinn og varð það svöðusár. Nú flýði víkingurinn á brott en Grímur tók silfrið og fékk góðan orðstír af verki þessu.

Finngeir gaf Grími búið, það er hann varðveitti, með öllum fjárhlutum, landi og kvikfé.

Sár Gríms varð illa og blés upp fótinn. Það var einn aftan er þar kom kona og lést vera lækni. Hún bað að binda um sár Gríms og það var að hún batt um og hvarf á brott. Litlu síðar kom blástur í fót Gríms og allt upp í kviðinn. Var þá farið eftir presti og tók hann þjónustu og andaðist síðan. En þessi kona hét Gefjun hin fjölkunnga og hafði verið frilla Gauss.

Vetur þessi leið af. Og um vorið keypti Finngeir skip til handa Helgu og fór hún út til Íslands með allan fjárhlut sinn og Þorkell trani með henni. Þau komu í Reyðarfjörð. Ingjaldur fór í móti dóttur sinni og flutti hana heim á Arneiðarstaði og var hún þar síðan. Helga gaf Þorkatli skipið hálf en hálf seldi hún Austmönnum. Fór Þorkell þar utan um vorið eftir og lýkur þar frá honum að segja.

Þórdís er átt hafði Helgi Ásbjarnarson var gefin Höskuldi syni Þorgeirs goða frá Ljósavatni. Höskuldur tók Glúm, þann er var með Grími Droplaugarsyni þá er Helgi Ásbjarnarson var veginn, og létu þau drepa hann.

Helga bjó eftir Ingjald liðinn á Arneiðarstöðum og Þorkell son þeirra Gríms. Þorvaldur átti son er Ingjaldur hét. Hans son hét Þorvaldur er sagði sögu þessa. Vetri síðar en Þangbrandur prestur kom til Íslands féll Helgi Droplaugarson.